



VINDHÆLISHREPPUR

***Könnun á viðhorfum íbúanna til
sameiningar við
nágrannasveitarfélag***

Unnið fyrir Félagsmálaráðuneytið

**Grétar Þór Eypórsson
Kjartan Ólafsson**

29. september 2001

Inngangur

Að beiðni Félagsmálaráðuneytisins hefur *Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri* (RHA) unnið könnun meðal íbúa í Vindhælishreppi um viðhorf þeirra til sameiningar við annað sveitarfélag. Ástæðan er sú að íbúafjöldi sveitarfélagsins hefur verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt. Í slíkum tilvikum ber félagsmálaráðherra að eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi, sbr. 6. grein sveitarstjórnarlaga númer 45/1998. Félagsmálaráðherra skipaði því nefnd sem var falið að vinna að sameiningu Vindhælishrepps við annað sveitarfélag. Nefndin ákvað að leita álits íbúa Vindhælishrepps á því hvaða sameiningarkosti þeir teldu æskilega, en nefndin taldi eðlilegt að þau sjónarmið yrðu höfð til hliðsjónar við tillögugerð hennar.

Framkvæmd könnunarinnar

Könnunin náði til allra sem skráðir voru til heimilis í Vindhælishreppi í ágúst 2001 og höfðu náð 18 ára aldri. Alls reyndust það vera 29 einstaklingar og fengust svör frá 28 þeirra. Þannig nýttu um 97% íbúa í Vindhælishreppi sér það tækifæri sem þeim gafst til að láta í ljós viðhorf sitt til sameiningar sveitarfélagsins við nágrannasveitarfélag.

Könnunin var framkvæmd þannig að könnunargögn voru send bréfleiðis til allra kosningabærra íbúa í Vindhælishreppi ásamt bréfi þar sem viðtakendum var boðið að taka þátt og senda svör sín sér að kostnaðarlausu í fyrirfram merktum umslögum til RHA. Könnunargögnin voru prentuð með lit á sérstakan pappír svo unnt væri að bera kennsl á hin upprunalegu gögn. Til að tryggja enn frekar að einungis yrði svarað hinum upprunalegu gögnum var fyrirfram sett það viðmið að taka einungis við gögnum í hinum fyrirfram merktu umslögum. Það skal ítrekað að hér var ekki um eiginlega kosningu að ræða og því ekki sérstaklega til þess ætlast að viðtakendur svöruðu könnuninni í einrúmi. Hins vegar þótti rétt að gera áður nefndar ráðstafanir til að tryggja að einungis bærust svör á þeim gögnum sem send voru út í upphafi.

Niðurstöður

Í samráði við sameiningarnefndina var ákveðið að spyrja tveggja spurninga um þrjá tilgreinda sameiningarkosti. Fyrri spurningin hljóðaði svo:

1. **Í ljósi þess að skv. lögum er félagsmálaráðherra skylt að sameina Vindhælishrepp öðru sveitarfélagi, hverju neðantalinna nágrennasveitarfélaga hreppsins telurðu best að hann sameinist?**

Merktu aðeins við einn valkost!

- Skagahreppi
- Höfðahreppi
- Sameinuðu sveitarfélagi Blönduósbæjar og Engihlíðarhrepps

Tafla 1 sýnir dreifingu svara við fyrstu spurningunni. **Skýr meirihluti kosningabærra íbúa Vindhælishrepps er á þeirri skoðun að best sé að sameinast Skagahreppi.** Sé aðeins litið til gildra svara eru 65% íbúanna þeirrar skoðunar að Skagahreppur sé besti sameiningarkosturinn og þrátt fyrir að þeir tveir sem ekki svöruðu spurningunni og sá eini sem ekki sendi inn útfylltan spurningalista kunni að vera annarrar skoðunar er samt sem áður nokkur meirihluti fylgjandi sameiningu við Skagahrepp frekar en önnur sveitarfélög í nágrenni Vindhælishrepps.

Tafla 1: Viðhorf til þriggja sameiningarkosta; hvaða kostur er bestur.

	<i>Fjöldi</i>	<i>Sem hlutfall af öllum svörum</i>	<i>Sem hlutfall af gildum svörum</i>
Skagahreppur	17	61%	65%
Höfðahreppur	0	0%	0%
Sameinað sveitarfélag Blönduós-bæjar og Engihlíðarhrepps	9	32%	35%
Svara ekki	2	7%	
Samtals:	28	100%	100%

Til að fá nánari upplýsingar um viðhorf íbúa í Vindhælishreppi var spurt annarrar spurningar sem ætlað var að gefa til kynna hversu vel íbúunum hugnuðust hinir tilgreindu sameiningarkostir. Síðari spurningin var orðuð á eftirfarandi hátt:

2. Næst langar okkur að vita hversu vel þér hugnast ofangreindir sameiningarkostir?

Merktu í einn reit í hverjum lið!

	<i>Góður kostur</i>	<i>Ásættanlegur kostur</i>	<i>Slæmur kostur</i>
a) Skagahreppur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b) Höfðahreppur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c) Sameinað sveitarfélag Blönduós- bæjar og Engihlíðarhrepps	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Tafla 2 sýnir dreifingu svara við síðari spurningunni. Þrátt fyrir að meirihluti kosningabærra íbúa í Vindhælishreppi telji sameiningu við Skagahrepp vera besta sameiningarkostinn er þó innan við helmingur sem telur slíka sameiningu vera góðan kost. Þrátt fyrir að einhver hluti þeirra sem töldu Skagahrepp vera besta sameiningarkostinn án þess þó að telja þar um góðan sameiningarkost að ræða verður ekki framhjá því litið að Skagahreppur er sá sameiningarkostur sem fæstir íbúar í Vindhælishreppi telja slæman sameiningarkost.

Tafla 2: Viðhorf til þriggja sameiningarkosta; hversu góðir eru sameiningarkostirnir.

	<i>Góður kostur</i>	<i>Ásættanlegur kostur</i>	<i>Slæmur kostur</i>	<i>Svara Ekki</i>
Skagahreppur	39%	36%	18%	7%
Höfðahreppur	0%	25%	57%	18%
Sameinað sveitarfélag Blönduós - bæjar og Engihlíðarhrepps	27%	25%	29%	18%

Mat íbúa á sameiningarkostum er að 75% telja Skagahrepp góðan eða ásættanlegan kost, 25% telja Höfðahrepp vera góðan eða ásættanlegan kost og 52% telja hið sameinaða sveitarfélag Blönduóss og Engihlíðarhrepps vera góðan eða ásættanlegan kost. Skagahreppur hefur hér enn vinninginn, en naumur meirihluti telur þó Blönduós/Engihlíðarhrepp geta komið til greina.

Íbúar Vindhælishrepps hafa sagt álit sitt í þessari könnun með óyggjandi hætti: Þeir vilja flestir sameinast Skagahreppi.